

FRAMKVÆMD FJÁRLAGA JANÚAR TIL MARS 2012

ÁBENDING FRÁ RÍKISENDURSKOÐUN

7. MAÍ 2012

Tekjur, gjöld og afkoma A-hluta ríkissjóðs

Samkvæmt mánaðaryfirliti Fjársýslu ríkisins fyrir tímabilið janúar til mars 2012 námu heildartekjur ríkissjóðs á tímabilinu 122 ma.kr. en gjöld 126 ma.kr. Tekjuhalli var 4 ma.kr. Þetta er nokkru betri niðurstaða en samkvæmt áætlun sem gerði ráð fyrir 12 ma.kr. tekjuhalla. Tekjur voru 4 ma.kr. umfram áætlun en gjöldin 4 ma.kr. innan áætlunar.

Samkvæmt fyrrgreindu yfirliti Fjársýslunnar voru skattar á tekjur og hagnað lögaðila 155% yfir áætlun, eignarskattar 44% yfir áætlun, skattur á fjármagnstekjur 22% undir áætlun og virðisaukaskattur 10% undir áætlun. Fjármálaráðuneytið vinnur nú að greiðsluuppgjöri ríkissjóðs fyrir fyrstu þrjá mánuði 2012 og stefnir að útgáfu þess á næstu dögum. Þar verður farið í gegnum helstu skýringar ráðuneytisins á frávikum tekna.

Gjöld ráðuneytanna annarra en fjármálaráðuneytis voru innan áætlunar á tímabilinu. Mest var frávikið hjá forsætiráðuneyti (53%). Þar munar mestu um að kostnaður vegna atvinnuuppgjöggingar og fjölgunar vistvænna starfa var enginn á tímabilinu, en áætlun hljóðaði upp á 96 m.kr. Rekstur fjármálaráðuneytisins var svo gott sem á áætlun sem og vaxtagjöld ríkissjóðs. Hins vegar var rekstur æðstu stjórnar ríkisins 13% umfram áætlun. Skýringar á því eru m.a. að stofnanir ganga nú á ónýttar fjárheimildir frá fyrri árum.

Rekstur stofnana í A-hluta

Í tengslum við þessa úttekt óskaði Ríkisendurskoðun svara frá þeim nítján stofnunum sem, samkvæmt bráðabirgðatölum, stóðu með hlutfallslega mestan uppsafnaðan halla í árslok 2011. Spurningarnar snéru að rekstri fyrstu þrjá mánuði ársins og áætlunum um niðurgreiðslu á uppsöfnuðum halla og rekstur ársins í heild. Svör bárust frá sautján stofnunum, en Sólvangur og Vatnajökulsþjóðgarður svoruðu ekki. Hvorug stofnunin er með skráða rekstraráætlun í fjárhagskerfi ríkisins. Þar með liggja ekki fyrir upplýsingar um hvernig reksturinn gekk á fyrstu þremur mánuðum ársins. Ríkisendurskoðun gerir alvarlegar athugasemdir við það.

Í eftirfarandi töflu er gerð grein fyrir halla allra umræddra stofnana í árslok 2011 (almennt er um bráðabirgðatölur að

ræða) og mati Ríkisendurskoðunar á því hvort rekstrarvandinn leysist á árinu 2012.

Ástæða er til að taka fram að sumar þessara stofnana hafa verið reknar í samræmi við fjárlög hvers árs síðastliðin ár þótt þær hafi ekki greitt upp uppsafnaðan halla, t.d. Landspítali og lögreglustjórinn á Suðurnesjum. Almennt hefur þetta verið með vitund og vilja ráðuneytanna, þ.e. samþykktar rekstraráætlanir hafa ekki gert ráð fyrir að unnið yrði á uppsöfnuðum halla.

Stofnanir með verulegan uppsafnaðan vanda

	Upp safnaður halli í árslok 2011 í m.kr.	Vandi m.v. áætlun 2012
Landbúnaðarháskóli Íslands	317	Óleystur
Hólaskóli – Háskólinn á Hólum	134	Óleystur
Fjölbautaskólinn við Ármúla	18	Gæti leyst
Tilr.st. Háskólangs að Keldum	25	Óleystur
Ríkislöggreglustjóri	59	Óleystur
Lögreglustj. á höfuðb.svæðinu	73	Óleystur
Lögreglustjórinn á Suðurn.	141	Óleystur
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	25	Óleystur
Rannsóknaneftnd umferðarsl.	8	Óleystur
Rannsóknaneftnd flugslysa	5	Óleystur
Útlendingastofnun	29	Óleystur
Landspítali	2.967	Óleystur
Heilsugæsla á höfuðb.svæðinu	449	Óleystur
Heilbrigðisst. Austurlands	114	Óleystur
Heilbrigðisst. Suðurlands	137	Óleystur
<i>Sólvangur, Hafnarfirði</i>	<i>127</i>	<i>Engin svör</i>
Lyfjastofnun	184	Óleystur
<i>Vatnajökulsþjóðgarður</i>	<i>169</i>	<i>Engin svör</i>
Veðurstofa Íslands	56	Óleystur

Ríkisendurskoðun hefur mörg undanfarin ár hvatt til þess að tekið verði af alvöru á rekstrarvanda stofnana með verulegan uppsafnaðan halla. Að mati Ríkisendurskoðunar þjónar engum tilgangi að stofnanir séu með uppsafnaðan halla sem hvorki þær né ráðuneyti telja mögulegt að vinna á. Svör ráðuneyta við þessum sjónarmiðum hafa almennt verið á þá lund að ekki sé hægt að „skera menn niður úr snörunni“ án þess að fyrir liggi að halli muni ekki safnast upp á nýjan leik. Ríkisendurskoðun getur tekið undir það en bendir þó á að það er í verkahring ráðuneyta að tryggja




RÍKISENDURSKOÐUN

að halli safnist ekki upp á nýjan leik. Til þess hafa ráðuneyti ýmis tæki:

1. Ráðuneyti hafa mikið um verkefni og rekstrarumfang stofnana að segja, m.a. í gegnum reglugerðir, fjárlagatillögur og árangursstjórnunarsamninga.
2. Stofnunum er gert að skila ráðuneytum rekstraráætlunum sem skulu rúmast innan fjárheimilda til samþykktar.
3. Ráðuneyti eiga að hafa reglulegt eftirlit með framkvæmd fjárlaga innan ársins hjá sínum stofnunum.
4. Vald til að áminna forstöðumenn og eða víkja þeim úr starfi ef rekstur er umfram fjárheimildir liggur hjá ráðuneytum.
5. Á grundvelli rammafjárlaga hafa ráðuneyti mikinn sveigjanleika til að leggja til við Alþingi að fjárheimildir innan ramma ráðuneytis verði fluttar á milli fjárlagaliða. Það er nærtækari lausn en að ráðuneytin vísi málum til fjármálaráðuneytisins eins og nú er algengt.

Í nýlegu minnisblaði stofnunarinnar til fjárlaganefndar var tekið dæmi af Lögreglustjóranum á Suðurnesjum (LRS) til að sýna fram á í hversu miklar ógöngur númerandi fyrirkomulag hefur leitt ráðuneyti og stofnanir. Hjá LRS hefur verið viðvarandi uppsafnaður halli um margra ára skeið, en frá árinu 2009 hefur stofnunin greitt nokkuð inn á hann. Eftirfarandi tafla sýnir rekstur og stöðu LRS síðustu tíu ár (tölur fyrir 2011 hafa ekki verið endurskoðaðar):

Niðurstaða og uppsafnaður halli LRS 2002 til 2011



Í fyrrgreindu minnisblaði segir m.a. um vanda LRS:

Árið 2007 fékk stofnunin 106 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að greiða niður halla frá fyrri árum. Í árslok 2007 nam uppsafnaður halli 84 m.kr. Árið 2008 var 102 m.kr. halli á rekstrinum. Í framhaldinu var hluti verkefna stofnunarinnar færður frá henni og nýr forstöðumaður tók við. Síðan hefur verið unnið nokkuð á uppsöfnuðum halla, en skv. bráðabirgðatölu nemur hann þó enn 141 m.kr. eða 14% af fjárlögum 2012. Með þessu

áframhaldi verður stofnunin tíu ár að greiða niður uppsafnaðan halla. Gildandi lög og reglur leggja skýrt bann við því að samþykkja rekstraráætlun sem gerir ráð fyrir öðru en að allur uppsafnaður halli verði að fullu greiddur á árinu 2012. Ríkisendurskoðun telur fyrrgreint dæmi sýna vel að núverandi stefna gengur ekki upp. Taka verður fyrir alvöru á vanda stofnana sem svo er statt um.

Fyrirspurn vegna PIP-brjóstafyllinga

Í byrjun febrúar sl. óskaði Ríkisendurskoðun eftir upplýsingum frá velferðarráðuneytinu um hvaða fjárveitingar verða notaðar til að fjármagna brotnám PIP-brjóstafyllinga, sbr. samþykkt ríkisstjórnar á tillögu velferðarráðherra þar um. Gert er ráð fyrir að kostnaðurinn nemí allt að 150 m.kr. Svar ráðuneytisins er eftirfarandi:

Aðgerðir sem ríkisstjórnin samþykkti að ráðast í vegna ómskoðunar og brotnáms PIP brjóstafyllinga stöfuðu af ástandi sem upp kom eftir að fjárlög voru afgreidd og var ófyrirséð. Velferðarráðuneytið mun, eins og jafnan þegar óvænt og ófyrirséð atvik verða er valda útgjöldum fyrir ríkissjóð, sækja um heimild í fjáraukalögum 2012 til þess að standa straum af kostnaði við framangreint verkefni.

Ríkisendurskoðun telur að ekki þurfi að koma til aukinna fjárveitinga vegna umræddra aðgerða. Í fjárlögum 2012 er að finna annars vega 2,8 ma.kr. heimild til greiðslna úr ríkissjóði af liðnum 09-989 Ófyrirséð útgjöld og hins vega 160 m.kr. heimild á liðnum 09-990 Ríkisstjórnarákvæðanir. Þessum liðum er einmitt ætlað að mæta útgjöldum sem þessum. Samkvæmt yfirliti Fjársýslunnar fyrir tímabilidjanúar til mars 2012 voru engin gjöld á þessum liðum á tímabilinu.

Í svari ráðuneytisins kemur jafnframt fram að á grundvelli álits ríkislögmanns frá 6. febrúar sl. hyggst ráðuneytið ekki grípa til aðgerða með það að markmiði að endurheimta útlagðan kostnað ríkisins vegna málsins, enda ekkert réttarsamband milli ríkisins og læknisins sem framkvæmdi aðgerðirnar.

RÍKISENDURSKOÐUN HVETUR FJÁRLAGANEFND TIL AÐ KALLA MENNTAMÁLARÁÐHERRA, INNANRÍKISRÁÐHERRA, VELFERÐARRÁÐHERRA OG UMVHERFISRÁÐHERRA Á SINN FUND OG KREFJA PÁ SVARA UM HVERNING VERÐUR TEKIÐ Á REKSTRARVANDA STOFNANA MED VERULEGAN UPPSAFNAÐAN HALLA.